

Takk hreinlæti ehf.  
Draghálsi 18-26  
110 Reykjavík

Reykjavík, 12. júní 2023  
UST202206-312/H.I.I.  
07.06.02

### Niðurstaða eftirlits með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 og 4 - Kröfur um úrbætur

Vísað er í bréf Umhverfisstofnunar, dagsett þann 4.7.2022, þar sem tilkynnt var um eftirlit með markaðssetningu og merkingum sæfivara í vöruflokkum 2 (yfirborðssóttthreinsar) og 4 (vörur til sóttthreinsunar á svæðum fyrir matvæli og fóður) hjá Mjöll-Frigg ehf. (nú Takk hreinlæti ehf.), sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013. Eftirlitið fór fram sama dag.

Markmið eftirlitsins var að kanna hvort vörurnar uppfylltu skilyrði um markaðsleyfi, merkingar og 95 listann, sbr. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur og skilyrði um merkingar, sbr. reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna sem innleiðir reglugerð (EB) nr. 1272/2008 (CLP).

Eftirfarandi vörur sem falla undir umfang eftirlitsins voru skoðaðar hjá fyrirtækinu:

- Alfaquat 15.000ppm
- Sjúkrahússpritt 85%
- 15% Klór
- Virex Sóttthreinsiduft
- IP-4000
- Fix Tip Top

Frávik frá gildandi reglum sem fram komu í eftirlitinu eru tilgreind í meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt efnalögum er óheimilt að markaðssetja vörur sem ekki uppfylla kröfur þeirra um markaðsleyfi og merkingar, sbr. 1. mgr. 35. gr. og 3. mgr. 32. gr.

**Umhverfisstofnun veitir Takk hreinlæti ehf. frest til 3.7.2023 til að senda stofnuninni merkimiða fyrir vörurnar Alfaquat 15.000ppm, Sjúkrahússpritt 85%, 15% Klór, Virex Sóttthreinsiduft og IP-4000 og sem og staðfestingu á að bætt hafi verið úr fráviki vegna áþreifanlegrar viðvörunar á vörunni IP-4000. Sami frestur er veittur til að senda stofnuninni staðfestingu á að vörurnar 15% Klór og IP-4000 séu með markaðsleyfi á Íslandi eða að sótt hafi verið um markaðsleyfi fyrir vörunum fyrir íslenskan markað.**

**Senda skal staðfestingu á úrbótum með tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is), merkt málnúmerinu UST202206-312.**

**Fyrirliggjandi vörubirgðir skulu endurmerktar með uppfærðum merkimiða sem staðfestur hefur verið af stofnuninni.**

Umhverfisstofnun veitir Takk hreinlæti ehf. hér með frest til 19.6.2023 til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar með rökstuðningi fyrir 19.6.2023.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnuninni heimilt að beita þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr. og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.

Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 206/2023 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða, sbr. 38. gr. gjaldskrárinnar.

Upplýsingar um sæfivörur má finna á [vefsíðu Umhverfisstofnunnar](#).

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Hafdísar Ingu Ingvarsdóttur, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið [hafdisi@ust.is](mailto:hafdisi@ust.is) til að fá nánari upplýsingar varðandi þau frávík sem málið snýst um og leiðir til úrbóta.

Virðingarfyllst

Hafdís Inga Ingvarsdóttir,  
*sérfræðingur*

Helga Ösp Jónsdóttir,  
*sérfræðingur*

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla